

## Stjórnarfundur nr. 2

13. ágúst 2014 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

**Mættir:** Jóna Th Viðarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Brynja Tomer, Guðmundur A. Guðmundsson og Arinbjörn Friðriksson. Sóley Halla Möller og Ragnhildur Gísladóttir boðuðu forföll.

Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdarstjóri ritar fundinn.

### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Framkvæmdastjóri þáði ásamt varaformanni boð á kynningarfund 9. ágúst um online-kerfi FKK í tengslum við heimsýninguna í Finnlandi, en vorum við báðar þar á eigin vegum. Riitta Niemelä, varaframkvæmdastjóri og Jaana Haarni, yfirmaður tölvusviðs FKK sögðu okkur aðeins frá FKK og kynntu tölvukerfið, sem félagið er búíð að láta gera. Fyrirlesturinn var gríðarlega áhugaverður og frábært að sjá hvað kerfið þeirra er flott og heldur vel utan um allt; sýningar, vinnu/veiðipróf, dómara, dómaramenama sem og allar ættbækur. Sú spurning kom upp utan úr sal hvort önnur hundaræktarfélag geti nýtt þetta frábæra kerfi og tóku Finnarnir ekkert illa í það. Ég tel mjög mikilvægt að HRFÍ leiti allra leiða hvort hægt er að fá þetta kerfi. Þó við verðum að leggja í vinnu við að þýða það þá tel ég að það sé vel þess virði, sérstaklega þar sem sýningareglur landana eru nánast eins.

Á laugardagskvöldið þáði ég jafnframt boð um að mæta í formlegt matarboð á vegum FKK og er gaman að segja frá því að HRFÍ var heiðrað þar sérstaklega fyrir góða samvinnu í gegnum árin.

Skráning á næstu sýningu félagsins fór mjög hægt af stað. Þegar síðasti skráningafrestur rann út voru aðeins skráðir rúmlega 500 hundar. Því var ákveðið að framlengja skráningafrestinn fram á mánudag og með því náðum við ca 150 viðbótarskráningum. Skráning stendur núna í 660 hundum, en ennþá á eftir að klára eitthvað af umskráningum og gotskráningum.

Susanne Mølgaard Kaarsholm kemur og augnskoðar hjá okkur dagana 22.-23. ágúst nk. í Sólheimakoti. Skráning hefur farið vel af stað og er annar dagurinn nánast fullur. Síðasti frestur til að skrá í augnskoðun er nk. föstudag.

Unnið er að skýrslum um deildasýningar og veiði/vinnupróf, sem haldin hafa verið fyrstu sex mánuði ársins, fyrir næsta stjórnarfund.

Framkvæmdastjóri hefur fengið boð um fund í Danmörku 17.september nk., en þar munu starfsmenn allra NKU skrifstofa hittast og fara yfir auglýsingamál, kynningar og slíkt og kynna sér hvernig aðrir klúbbar leysa úr hinum ýmsu vandamálum, sem koma upp í daglegum rekstri. Eins er ég með boð á IT-fund í Danmörku þann 25. september eða viku seinna í tengslum við NKU fund.

Ég tel meiri þörf á að ég fari á seinni fundinn þó sjálfsagt væri gott að komast á báða, en kostnaður við flug er um 55.000 og ég get samnýtt herbergi með formanninum á seinni fundinum.

Eins tel ég nauðsynlegt að taka ákvörðun um hvort við munum ekki örugglega vera með kynningarbás á Norðurlandatorginu á Nordic Winner sýningunni í Oslo. 14.-16. nóvember nk. Núna er hægt að fá flug undir 25.000 beint til Oslo og því betra að panta flugið fyrr heldur en seinna.

#### *Bókun stjórnar:*

*Stjórn sammála um að kannað verði á NKU fundi í Danmörku hvort hægt sé að fá aðgang að tölvukerfinu, sem FKK notar. Ef það gengur ekki þá hjá hinum NKU félugunum.*

*Senda kostnaðaráætlun vegna NKU fundar á stjórn til samþykktar.*

*Stjórn lýsir ánægju með framtak framkvæmdastjóra með skipulagða ferð á heimsýningu til Finnlands.*

### 2. Erindi frá Mjóhundadeild – tölvupóstur 8.júlí

Erindi sent til Vísindanefndar.

### **3. Skýrsla fulltrúa HRFÍ á veiðiprófum retrieverdeildar 201412 og 201413 – Fylgiskjal.**

#### **4. 45 ára afmæli HRFÍ – viðburður í tengslum við alþjóðlega sýningu 6. – 7. September**

Búið er að stofna afmælisnefnd. Nefndina skipa Arnheiður, Klara, Vordís, Kristín Þorvalds, Linda Jónsdóttir, Margrét Bergsveinsdóttir, Sólrún Helgadóttir og Guðjón. Ennþá eiga nokkrir aðilar, sem leitað var til eftir að gefa svar um hvort þeir gefi kost á sér. Nefndin hefur ekki hist en búið er að stofna grúbbu á facebook, þar sem er byrjað að kasta hugmyndum á milli en erfitt er að ákveða nákvæma dagskrá meðan ekki er búið að festa húsnæði.

#### **6. Óafgreidd og mál í vinnslu á borði stjórnar. Fylgiskj.**

Kynningu frestað til næsta fundar, þegar stjórn verður fullmönnuð.

#### **7. Stefnumörkun HRFÍ**

Stjórn er sammála um þörf á að stofna hópa til að framfylgja þessari stefnumótun þar sem stjórnarmenn eru tengiliðir inn í hópana. Tillaga kom um er að skipta málefnum í eftirfarandi sjö ólíka hópa: Umfjöllun og kynningarstarf, gagnagrunnur um ræktunardýr og heilsufar, fræðsla, samskipti við opinbera aðila, starf ræktunardeilda og einangrunarmál.

#### **8. Skráning á sögu HRFÍ**

Athuga hvort starfsmaður skrifstofu geti byrjað á að safna saman gögnum fyrir skráningu á sögu félagsins þegar róast á skrifstofunni, t.d. eftir nóvembersýningu félagsins.

#### **9. Önnur mál**

- Enginn svör hafa borist frá fastanefndum. Ákveðið að framkvæmdastjóri sendi póst á nefndirnar með ítrekun um að nefndir haldi fund og velji sér formann og ritara.
- Tekin var ákvörðun um að byrja á að halda fundi með stjórnnum deilda eftir fulltrúaráðsfundinn 17.september, hugmyndin er að stefna á þriðjudagskvöld frá 19:30 til 21.00 og boða 5-6 stjórnir í einu. Framkvæmdastjóri sendir tölvupóst á stjórnir deilda með nánari upplýsingum og dagsetningum. Brynja og Jóna tóku að sér að útbúa kynningarefni fyrir fundinn.
- Arinbjörn tók að sér á síðasta fundi að skoða þörfina á að viðgerð á Síðumúla 15. Skoðun hans er að ekki sé brýn þörf á að fara í þessar viðgerðir að svo stöddu. Samþykkt var að óska eftir nýjum fundi hjá húsfélaginu að Síðumúla 15 til að koma okkar sjónarmiðum á framfæri.

Fundi slitið kl.19.00

Næsti fundur er áætlaður 17.september kl.17.00